

## AUGLÝSING

### um staðfestingu safnaráðs á stofnskrá Heimilisiðnaðarsafnsins.

Með vísan til 3. tl. 10. gr., sbr. c-lið 2. mgr. 7. gr. safnalaga nr. 141/2011, staðfesti safnaráð 19. maí 2026 stofnskrá Heimilisiðnaðarsafnsins. Jafnframt fellur brott auglýsing sama efnis nr. 1694/2024.

Stofnskráin er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

*Reykjavík, 19. júní 2026.*

F.h. safnaráðs,  
**Þóra Björk Ólafsdóttir** framkvæmdastjóri.

**Fylgiskjal.****SKIPULAGSSKRÁ  
fyrir Heimilisiðnaðarsafnið á Blönduósi.**

## 1. gr.

Heiti stofnunarinnar er Heimilisiðnaðarsafnið á Blönduósi, kt. 580791-2129, með heimili og varnarþing að Árbraut 29, Blönduósi. Heimilisiðnaðarsafnið er sjálfseignarstofnun sem hóf starfsemi sína 1. júní 1993.

## 2. gr.

Heimilisiðnaðarsafnið starfar í samræmi við safnalög nr. 141/2011, lög um menningarminjar nr. 80/2012 og siðareglur ICOM (Alþjóðaráð safna) eftir heildarstefnu sem endurskoðuð er á a.m.k. fjögurra ára fresti.

## 3. gr.

Aðilar að stofnuninni eru Húnabyggð, kt. 650422-2520.

## 4. gr.

Eignir stofnunarinnar eru:

1. Fasteign, innbú og lóðarréttindi að Árbraut 29, Blönduósi.
2. Safnmunir og aðrar eignir sem stofnuninni hefur áskotnast frá stofnun.

## 5. gr.

Heimilisiðnaðarsafnið á Blönduósi nýtur árlegs framlags þeirra sem að því standa, sbr. 3. gr., tekna sem aflað er með aðgangseyri eða á annan hátt. Auk þess skal forstöðumaður sækja árlega um framlög úr Safnasjóði sem og öðrum umsóknarsjóðum.

Arður af rekstri Heimilisiðnaðarsafnsins er eign þess.

## 6. gr.

Tilgangur stofnunarinnar er að eiga og reka Heimilisiðnaðarsafnið á Blönduósi. Hlutverk þess er söfnun, varðveisla, skráning, rannsóknir og miðlun hvers konar heimilisiðnaðar á landsvísu. Safnið skal vera kennslu- fræðslu- og rannsóknarstofnun fyrir innlenda og erlenda nemendur og fræðafólk. Þá skal safnið standa fyrir málþingum, námskeiðum og fyrirlestrum auk sérstakra sýninga fyrir nemendur á handbragði fyrri tíma og leitast við að efla faglegt samstarf á starfssviði sínu.

Nánar skal kveða á um rekstur og hlutverk Heimilisiðnaðarsafnsins í söfnunarstefnu, starfsstefnu og sýningarstefnu þess.

Halldórustofa er sérstök deild innan Heimilisiðnaðarsafnsins sem er helguð lífi og starfi Halldóru Bjarnadóttur (1873-1981).

## 7. gr.

Stjórn stofnunarinnar skal skipuð þremur fulltrúum kosnum af eignaraðilum sjálfseignarstofnunarinnar og jafnmörgum til vara, þar af skal einn hafa þekkingu á faglegu starfi viðurkenndra safna.

Stjórnin skal kosin eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar til fjögurra ára í senn og skal skipta með sér verkum á fyrsta fundi. Stjórnarfundir skulu haldnir svo oft sem þurfa þykir og ræður meirihluti atkvæða úrslitum mála. Stjórnin ber ábyrgð á fjárreiðum og rekstri stofnunarinnar. Skoðunarmaður Húnabyggðar skal annast skoðun og áritun ársreiknings.

Stjórnin skal boða til ársfundar þar sem kjörnum sveitarstjórnarfulltrúum er boðin seta auk stjórnarmanna safnsins og varamanna þeirra. Þar skulu lagðir fram samþykktir og endurskoðaðir ársreikningar og ársskýrsla. Jafnframt skal kynna rekstraráætlun yfirstandandi árs og starfsemi Heimilisiðnaðarsafnsins.

#### 8. gr.

Stjórn stofnunarinnar skal annast rekstur Heimilisiðnaðarsafnsins og tryggja því viðeigandi húsnæði og fjármuni sem fullnægja þörfum þess. Stjórn skal jafnframt standa vörð um stefnumótun og sjálfstæði safnsins, tryggja að safnið starfi að lögum og að forstöðumaður uppfylli skyldur sínar og ábyrgð gagnvart safninu.

#### 9. gr.

Stjórn Heimilisiðnaðarsafnsins skal ráða forstöðumann sem annast daglegan rekstur safnsins og starfi að faglegu hlutverki þess, sbr. 6. gr. Forstöðumaður starfar í umboði stjórnar og ber ábyrgð á rekstri safnsins gagnvart stjórn.

Forstöðumaður skal hafa umsjón með uppsetningu sýninga og undirbúningi þeirra viðburða sem safnið stendur fyrir.

Forstöðumaður annast ráðningu annars starfsfólks.

#### 10. gr.

Breytingar á skipulagsskrá þessari skulu samþykktar af stjórn stofnunarinnar.

Verði sjálfseignarstofnunin leyst upp eða ákveðið að hætta rekstri Heimilisiðnaðarsafnsins skal safnkostur renna óskiptur til Þjóðminjasafns Íslands eða sambærilegrar stofnunar. Þeir aðilar sem að Heimilisiðnaðarsafninu standa skulu kjósa þrjá fulltrúa í slitanefnd, sem tekur ákvörðun um hvernig öðrum eigum þess skuli ráðstafað í samráði við það ráðuneyti sem fer með menningarmál hverju sinni.

#### 11. gr.

Skipulagsskrá þessi er gerð í samræmi við 10. gr. safnalaga nr. 141/2011 og skal staðfest af safnaráði.

Skipulagsskrá þessi kemur í stað skipulagsskrár sem dagsett var 11. nóvember 2024.

#### **Ákvæði til bráðabirgða.**

7. gr. um skipun stjórnar tekur gildi að loknum sveitarstjórnarkosningum 2026.

*Blönduósi, 31. mars 2026.*